

# Náttúruverndarfélagið LAXINN LIFI

Formaður Gunnlaugur Stefánsson, [heydalir@simnet.is](mailto:heydalir@simnet.is). S.892 7635.

Reykjavík, 8. maí 2024.

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Sent með tölvupósti á [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Málsnúmer: 154. löggjafarþing 2023-2024, 930. mál.

## Efni: Umsögn Náttúruverndarfélagsins LAXINN LIFI við frumvarp til laga um lagareldi (opið sjókvíaeldi).

Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi (hér eftir LL eða Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi) gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um lagareldi sbr. tölvupóst frá nefndasviði Alþingis dags. 24. apríl 2024.

Frumvarpið hefur ekki verið unnið í samráði við Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi eða önnur umhverfissamtök sem einungis hafa átt formlegan kost á að koma með athugasemdir eins og reglur stjórnarsýslunnar leyfa. Það vekur undrun í svona stóru máli, þar sem gríðarlegir hagsmunir eru í húfi, þá skuli fulltrúar opinberrar stjórnarsýslu ekki leggja sig fram um víðtækt samráð til þess að reyna til þrautar að ná fram sátt á meðal þjóðar í málinu.

### Íslensk reynsla af opnu sjókvíaeldi

1. Síðustu ár hafa orðið stórslys í sjókvíalaxeldinu eins og gerist reglulega í þessum iðnaði.
  - a. Stórsleppingar í Arnarfirði haustið 2022 með a.m.k. 82 þúsund stroklöxum. (Var haldið leyndu í marga mánuði).
  - b. Í Patreksfirði varð eitt mesta umhverfisslys í sögu landsins sl. haust, þar sem þúsundir kynþroska laxa sluppu. Gögn staðfesta að stroklaxar gengu í meira en 50 veiðiár, þar sem a.m.k. 460 eldislaxar veiddust. Talið er víst að fjöldi norskra eldislaxa hafi hryngt í ánum og blandast villtum löxum.
  - c. Í Tálknafirði, Patreksfirði, Arnarfirði og Dýafirði hafa geysað ólæknandi faraldrar lúsa, þar sem eldisfyrirtækin hafa á síðustu

mánuðum neyðst til að slátra nokkrum milljónum laxa, sem voru að dauða komnir af völdum lúsabits og sára.

- d. **ISA vírusveiki (blóðþorri) í Reyðarfirði, Eskifirði og Berufirði** sem leiddi til slátunar alls eldislax í þeim fjörðum ásamt Fáskrúðsfirði.

**Frumvarpið breytir engu um að allt ofangreint gerist aftur**

**2. Í frumvarpinu felast nokkur ný grundvallaratriði:**

- a. **Nýtt kvótakerfi „laxahlutar“**, þar sem íslenskar auðlindir verða afhentar erlendum stórfyrirtækjum með tilheyrandi fjártjóni ríkissjóðs þegar leyfi verða minnkuð og/eða felld niður.
- b. Heimild til **veðsetningar, sölu og framsals eldisleyfa, laxahlutar eða tiltekinna sóttvarnasvæða sem felur í sér varanlega gjöf auðlinda**.  
Slíkar heimildir gætu leitt til stórkostlegrar skaðabótaskyldu ríkisins, ef síðar kæmi til takmörkunar eða niðurfellingar á eldisheimildum og leyfum.
- c. **Ótímabundin eldisleyfi (eilífðarleyfi)**.  
Ákvæði um ótímabundin eldisleyfi er eitt hættulegasta ákvæði frumvarpsdraganna. Tímalengd eldisleyfa ætti að vera að hámarki 10 ár eins og var gildandi fyrir síðustu breytingu eldislaganna. Eilífðarleyfi standast ekki heilbrigða skynsemi né hagsmuni þjóðar.
- d. **Í frumvarpið vantar stuðul milli “fjölda fiska” og “lífmassa”,** og því óljóst með öllu til hvers breyting til „fjölda fiska“ leiðir í framleiðslumagni.

**Frumvarpið snýr gjörsamlega við grundvelli núgildandi laxeldislaga** m.a. með því að henda út hinu mikilvæga ákvæði 1. gr. laganna um náttúruvernd og forgangsrétt villta laxins, ef hagsmunir hans rekast á hagsmuni eldislaxins.

- 3. Áhættumat erfðablöndunar frá 2019 byggði um margt á röngum forsendum og útreikningum.** Eftir leiðréttingu á þeim villum er **ekki grundvöllur fyrir neinu skaðlausu laxeldi í opnum sjókvíum** í íslenskum fjörðum, þar sem erfðablöndun er nú komin langt umfram þau 4% mörk erfðablöndunar sem áhættumatið setti.

Engar mótvægisáðgerðir eru til sem koma í veg fyrir að opið sjókvíaeldi með frjóan norskan lax valdi erfðablöndun með villtum laxastofnum nema að einvörðungu verði ofrjór lax í kvíunum.

#### **4. Stefna núverandi ríkisstjórnar og stefna Alþingis frá 2019.**

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir m.a. að **lögð verði áhersla á mikilvægi þess að greinin byggist upp á sjálfbærni, vísindalegri þekkingu og vernd villtra laxastofna.**

Þegar nógildandi fiskeldislög voru samþykkt 2019 kom skýrt fram í nefndaráliti á Alþingi “að ekki sé langt þangað til eldi á frjóum laxi verði eingöngu stundað í lokuðum eða hálflokuðum kvíum. Að því bæri að stefna.“ Er eitthvað í þessum nýju drögum sem tekur mið af þessari stefnu Alþingis?

Ekki verður séð, að nokkur umhverfisskýrsla eða vísindalegar rannsóknir liggi til grundvallar frumvarpsdrögumum  
Að óbreyttu sjókvíalaxeldi með kynbættum norskum laxastofni er **yfirvofandi útrýming allra villtra laxastofna í íslenskum ám.**

#### **5. Nýlegar kannanir gefa til kynna, að 70% landsmanna séu andsnúin sjókvíalaxeldi í opnum kvíum.**

6. Náttúruverndarsamtök hafa og gera kröfu um að frumvarpið taki mið af þeim skaða sem laxeldi í sjó hefur nú þegar valdið.

#### **7. Aðför að fólki og lífríki**

Ljóst er að ef þetta frumvarp verður óbreytt að lögum, þá mun opið sjókvíaeldi festa enn frekar rætur í landinu og valda óafturkræfum skaða á lífríkinu, útrýma villtum laxastofnum og valda umfangsmiklu fjártjóni fyrir þúsundir fjölskyldna í sveitum landsins.

#### **8. Eftirfarandi ákvæði vantar í fiskeldislög til að koma í veg fyrir yfirvofandi útrýmingu allra villtra íslenskra laxastofna:**

a. Að frekari útgáfa leyfa til laxeldis í sjókvíum verði umsvifalaust stöðvuð.

- b. Öllum núverandi leyfum verði breytt og heimili eingögu sjókvíaeldi með ófrjóum laxi.
- c. Að öll eldisleyfi verði minnkuð um 1/3 (enda skylt samkvæmt nógildandi áhættumati) og síðan árlega þannig að allt laxeldi í sjókvíum verði úr sögunni fyrir lok árs 2026.
- d. Ákvæði verði strax sett í reglugerð sem skyldar laxeldisfyrirtækin til að merkja allan lax í sjókvíum með uggaklippingu.
- e. Að öll fyrirtæki með leyfi til sjókvíalaxeldis verði skylduð til að kaupa tryggingu gegn náttúruskaða, sem þau gætu valdið.
- f. Að lagt verði gjald á sjókvíalaxeldi samsvarandi 25% nýju gjaldi í Noregi og Færeyjum.
- g. Að auðlindagjaldið renni í sérstakan sjóð, sem nota skal til atvinnuuppbyggingar í þeim byggðarlögum, þar sem sjókvíaeldi verður aflagt.
- h. Að komið verði á staðbundnu og daglegu eftirliti á vegum Fiskistofu með rekstri sjókvíaeldisins á kostnað rekstraraðila, sambærilegu eftirliti Fiskistofu með veiðum, löndun og vinnslu í sjávarútvegi.  
Ekki er heppilegt að útgefandi rekstrarleyfis hafi eftirlit með eigin leyfum.

## Svona hyglar stjórnarsýslan eldisfyrirtækjunum.

24 dæmi um hvernig frumvarpinu var breytt frá því það var fyrst kynnt í samráðsgáttinni í desember 2023. (Ekki tæmandi talið)

Ekkert mark hefur verið tekið á athugasemdum umhverfissamtaka, en eldisfyrirtækin hafa greiðan aðgang að gerð frumvarpsins.

1. gr.

Í fyrstu setningunni um markmið laganna er tekið út: "...stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna."

3. gr. Orðaskýringar.

Settur er inn nýr 42. liður:

Villtir **nytjastofnar** lax: Fiskstofn villtra laxa sem er nytjaður, eða kann að verða nytjaður, í íslenskri fiskveiðilandhelgi, í ám eða vötnum. Til villtra nytjastofna lax teljast annars vegar laxastofnar þar sem **meiri hluti** fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum og hins vegar laxastofn í veiðiám þar sem samþykkt hefur verið fiskræktaráætlun.

4. gr. Burðarþolsmat, vöktun og rannsóknir.

Í 3. mgr. er aðlögunarfrestur til hækkunar eða lækkunar lengdur úr 18 mánuðum í 24 mánuði.

Síðan er sett inn hér ný 5. mgr.:

Burðarþolsmat og endurskoðun þess telst áætlun í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Ráðherra ber ábyrgð á öflun umhverfismats áætlana. Komi ekki til aukningar á hámarkslífmassa við endurskoðun á burðarþolsmati, og séu forsendur fyrir endurskoðuðu burðarþolsmati í veigamiklum atriðum óbreyttar frá fyrra burðarþolsmati, er ráðherra heimilt, að fengnu jákvæðu áliti Skipulagsstofnunar, að láta hjá líða að gera umhverfismat áætlana vegna viðkomandi endurskoðunar burðarþolsmats.

Spurning hvort þetta ákvæði stenst almennar reglur um umhverfismat.

6. gr. Áhættumat erfðablöndunar.

Hér er nýtt ákvæði í 7. mgr.:

Áhættumat erfðablöndunar og endurskoðun þess telst áætlun í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. **Ráðherra ber ábyrgð á öflun umhverfismats áætlana.** Komi ekki til aukningar á heildarlaxamagni við endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar, og séu forsendur fyrir endurskoðuiðu áhættumati erfðablöndunar í veigamiklum atriðum óbreyttar frá fyrra áhættumati erfðablöndunar, er ráðherra heimilt, að fengnu jákvæðu áliti Skipulagsstofnunar, að láta hjá líða að gera umhverfismat áætlana vegna viðkomandi endurskoðunar áhættumats erfðablöndunar.

Spurning hvort stenst almennar reglur um umhverfismat.

Breytt orðalag er í 8. mgr. sem hljóðar svo í frv.:

Ráðherra skal setja nánari ákvæði í **reglugerð** um meðferð, útgáfu og breytingu rekstrarleyfa og mótvægisáðgerðir, **hvaða stofnar teljast til villtra nytjastofna lax**, sem og framkvæmd vöktunar á fjölda frjórra laxa og lífmassa þeirra. Þar verða nánari ákvæði um afmörkun landshluta sem og **um meðferð, útgáfu og breytingu áhættumats.** Reglugerðin skal taka tillit til bestu fáanlegu tækni.

15. gr. Útsetning og flutningur eldisfisks.

Umsóknarfrestur lengdur úr 5 dögum í tvær vikur.

31. gr. Breytingar á rekstrarleyfi.

Ný viðbót hér er þannig: Rekstrarleyfishafi getur með sama hætti sótt um að rekstrarleyfi verði breytt, m.a. með tilliti til leyfilegra tegunda í eldi, leyfilegra eldisstofna og þeirra mótvægisáðgerða sem kveðið er á um í rekstrarleyfi.

33. gr. Ótímabundin rekstrarleyfi.

Vakin er sérstök athygli á þessari grein um “ótímabundin rekstrarleyfi”, sem er ein **hættulegasta grein frumvarpsins** (og eldri útgáfu í samráðsgátt).

35. gr. Innra eftirlit.

Vakin er sérstök athygli á þessari grein um innra eftirlit, sem hefur reynst haldlaust í framkvæmdinni.

36. gr. Eftirlit og skýrslugjöf.

Í 2. mgr. er frestur til reglulegra skýrsluskila eldisfyrirtækja lengdur úr viku í mánuð.

38. gr. Skráning laxahlutar o. fl.

Hér er breytt “laxafjölda” í “laxamagn”.

39. gr. Framsal og flutningur laxamagns milli smitvarnasvæða.

Hér segir í 1. mgr.: Að teknu tilliti til skiptihlutfalls áhættumats erfðablöndunar getur laxamagn viðkomandi rekstrarleyfishafa breyst við flutning milli smitvarnasvæða. Laxamagn verður þó ekki flutt milli landshluta.

Hvað er “skiptihlutfall áhættumats erfðablöndunar”?

Áður var talað um árleg framleiðslutonn, síðan lífmassatonn, svo laxafjölda, síðan laxahlut og nú laxamagn.

Er nauðsyn á þessari flækju, sem fer sívaxandi með hverju nýju frumvarpi?

Í þessari grein eru ennfremur heimildir til leigu, veðsetningar og sölu á viðkomandi “laxahlut” og rekstrarleyfi.

40. gr. Innköllun og útboð laxahlutar.

Hér er tímafrestur til nýtingar laxahlutar lengdur úr 2 árum í þrjú ár.

Sérstök fresturarheimild lengd úr 3 árum í 4 ár.

41. gr. Aukning heildarlaxamagns vegna nýrra svæða.

Í 2. mgr. er þrengd heimild til að geta boðið í óráðstafaðan hlut skv. 1. mgr. 41. gr.

Hver er þörf á því?

43. gr. Tilkynning um stök og fyrstu viðbrögð.

Hér er tilkynningarskylda þrengd og miðast aðeins við Matvælastofnun. Áður var skylda til tilkynningar einnig til Fiskistofu, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Fram til þessa hefur forræði Fiskistofu á ráðstöfunum til að bregðast við reynst vel.

48. gr. – 50. gr. Þekkt og óþekkt stök og óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til stroks.

Hér eru viðurlög ýmist breytt úr lækkun eldisheimilda í sektir eða felld niður.

53. – 55. gr. Afföll.

Frestur til skýrslugjafar til MAST lengdur úr einni viku í mánuð.

Sérkennileg ákvæði um hækkun og lækkun lífmassa.

56. gr – 60. gr. Um lús og punktakerfi.

Vantar skýr mörk um lúsafjölda á hverjum fiski (0,1 stk.).

Einhvers konar “punktakerfi” er ónothæft.

61. – 63. gr. Kynþroska lax.

Banna þarf eldi með kynþroska laxi og heimila aðeins eldi með ófrjóum fiski.

64. – 65. gr. Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis.

Hér þarf rekstrarleyfishafi að nýta amk 20% af hámarkslífmassa innan 5 ára.

Var í eldri tillögu að frumvarpi 30%.

Einnig er 2 ára frestur til nýtingar aukinn í 3 ár og 5 ára frestur lengdur í 6 ár.

66. gr. – 81. gr. Um gjaldtöku vegna afnota af náttúruauðlindum þjóðarinnar.

Umhverfissjóður og menntasjóður. Samfélagssjóður.

Óskýrar reglur um gjaldtöku vegna afnota af náttúruauðlindum

þjóðarinnar.

118. gr. Um myndupptökur til eftirlits.

Sérkennilegt ákvæði þar sem Matvælastofnun er skylt að tilkynna með almennum og opinberum hætti um **fyrirhugað eftirlit** með fjarstýrðum loftförum.

138. gr. Gildistaka.

Hér er almenn gildistaka tilgreind 1. september 2024, en allmörg ákvæði með gildistöku

1. janúar 2025. Eðlilegra væri að gildistakan öll væri 1. janúar 2025 eða jafnvel ekki fyrr en 1. apríl 2025 eða síðar.



Ákvæði til bráðabirgða.

Ath. að X. liður hefur verið felldur niður í framlögðu frumvarpi.

Fjallaði um heimildir ráðherra strax eftir birtingu laganna. Var í andstöðu við gildistökuákvæði 138. gr.

## Umsögn LAXINN LIFI við frumvarp til laga um lagareldi.

Viðauki 8. maí 2024.

### Tillögur til breytinga og um einstakar lagagreinar.

- 1. Heimildir ráðherra samkvæmt frumvarpsdrögum til að ráðskast með nánast allar hliðar eldisins með reglugerðum eru með ólíkindum. Í drögum kemur slíkt fram á yfir 100 stöðum!**

Dæmi: Skv. 24. gr. skal úthluta smitvarnasvæði með útboði skv. ákvörðun ráðherra. En síðan skal ráðherra ávallt heimilt að víkja frá hæsta boði! Og loks setji ráðherra nánari ákvæði, hvað teljist hæsta tilboð!

- 2. Fallið verði frá sérkennilegum og flóknum kerfisbreytingum með svokölluðum “laxahlut” (hlutdeild rekstrarleyfishafa í heildarlaxafjölda) og “smitvarnasvæðum”, sem bersýnilega munu leiða til fákeppni og einokunar í greininni, t.d. með einum eldisaðila á hverju “smitvarnasvæði”.**

Undarleg staðhæfing að “smitvarnasvæði” með einu eldisfyrirtæki sé betri “smitvörn” en séu fyrirtækin 2 eða fleiri. Smit berst auðveldlega á milli eldiskvía í báðum tilvikum. **Reyndar er eitt eldisfyrirtæki meiri smithætta heldur en ef eldisfyrirtækin eru fleiri.** Séu eldisfyrirtækin fleiri verður lágmarksfjarlægð á milli eldiskvía hvors fyrirtækis að vera 5 km að lágmarki. Sé eldisfyrirtækið eitt er 5 km lágmarksfjarlægð ekki áskilin.

**Fallið verði frá ótímabundnum eldisleyfum, sem jafngilda nánast gjöf náttúruauðlinda landsins til alþjóðlegra eldisfyrirtækja.**

**Ákvæði um ótímabundin eldisleyfi er eitt hættulegasta ákvæði frumvarpsdraganna. Vafamál hvort það stenst grundvallarreglur réttarríkisins.**

Tímalengd eldisleyfa ætti að vera að hámarki 10 ár eins og var gildandi fyrir síðustu breytingu eldislaganna.

**Eilífðarleyfi standast ekki heilbrigða skynsemi.**

**Fallið verði frá notkun “fjölda fiska” í stað “lífmassa, enda óljóst með öllu til hvers slík breyting leiðir í framleiðslumagni. Mætti t.d. hugsa sér**

að snúa aftur til "árlegrar tonnaframléiðslu" eins og tíðkaðist fyrir síðustu breytingu eldislaganna.

Alfarið verði **bönnuð veðsetning, sala og framsal eldisleyfa, laxahlutar eða tiltekinna smitvarnasvæða.**

Slíkar heimildir gætu leitt til stórkostlegrar skaðabótaskyldu ríkisins, ef síðar kæmi til takmörkunar á eldisheimildum og leyfum.

**Í núverandi mynd þá jafngilda frumvarpsdrögin afhendingu náttúruauðlinda landsins til alþjóðlegra laxeldisfyrirtækja með höfuðstöðvar í Noregi – en með óljósu endanlegu eignarhaldi.**

- 3. Enn á að byggja á "innra eftirliti" sjókvíaeldisfyrirtækja, þrátt fyrir hörmulega reynslu undanfarin ár. (27. gr.) Eftirlit eldisfyrirtækja með sjálfum sér er augljóslega ótækt.**

**Matvælastofnun "skal taka tillit til" áhættumats erfðablöndunar og burðarþolsmats. (28. gr.).** Nauðsyn að hafa hér **lagaskyldu** til að fylgja að fullu nefndum mötum.

**Tilkynningu um strokatburð** skal nú aðeins tilkynna til Matvælastofnunar. Niður er felld tilkynningarskylda til Fiskistofu, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Forræði Fiskistofu á ráðstöfunum til að bregðast við er af óútskýrðum ástæðum fellt niður og sett í hendur MAST þvert á fyrri árangursríka starfsemi Fiskistofu við slíkar aðstæður. Hefur MAST ekki nóg á sinni könnu? Og er heppilegt að hlaða björgunaraðgerðum á leyfisútgefanda? (43. – 46. gr.)

Allan kostnað af nauðsynlegum aðgerðum MAST og annarra eftirlitsaðila skal rekstrarleyfishafi greiða. **En hvað með kostnað veiðifélaga og veiðiréttarhafa?** Og hvað með kostnað sömu aðila við að hreinsa strokfisk úr ánum? Og hvað á að gilda um kostnað aðgerða til að freista þess að ná sviljum úr náttúrulegum stofni til langtíma frystingar og geymslu?

Hér er Ríkissjóður í ábyrgð þar sem ríkisstofnanir hafa gefið út leyfi til starfseminnar þrátt fyrir ítrekuð mótmæli og aðvaranir.

4. **Aðeins ár, sem eru hluti af áhættumati erfðablöndunar taldar með** vegna strokatburðar til lækkunar “laxahlutar”. (48.gr.) Hvað með aðrar ár?

Rekstraraðili undanþeginn ábyrgð á stroki vegna t.d. hafíss og óveðurs! Fráleitt ákvæði til að undanþiggja alþekkta áhættuþætti rekstrarins. (50. gr.).

**Skýr mörk skortir um lúsafjölda á hverjum fiski (0,1 stk.),** sem ekki ógnar heilbrigði dýranna.(56. – 60. gr.).

**Óskýrar og hlægilegar reglur um gjaldtöku vegna afnota af náttúruauðlindum þjóðarinnar.** (66. – 85. gr.).

Sérkennilegt ákvæði er í 117. gr. að Matvælastofnun og ríkið séu undanþegin bótaskyldu vegna ákvarðana Matvælastofnunar sem miða að því að vernda vistkerfi. **Það er að aðrir en** rekstrarleyfishafar verði að þola slíkar aðgerðir bótalest. Stenst ekki almennar skaðabótareglur.

Eitt magnaðasta ákvæðið er í 118. gr., þar sem **Matvælastofnun er skylt að tilkynna** með almennum og opinberum hætti **um fyrirhugað** eftirlit með fjarstýrðum loftförum.

5. **Rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að eins árs.** (132. gr.)  
Stenst ekki evrópskar umhverfisreglur eins og alkunnugt er sbr. niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tvígang.

Ákvæði í 137. gr. um að banna Umhverfisstofnun að beita þvingunar- og refsíúrræðum skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.  
Er Umhverfisstofnun undirstofnun MAST?

Undarlegt ákvæði í 139. gr. er um að veiti veiðiréttarhafar ekki heimild til uppsetningar fiskteljarabúnaðar, þá **skal villtur nytjastofn í viðkomandi á ekki vera hluti áhættumats erfðablöndunar** samkvæmt lögum um lagareldi. Hér vantar ákvæði um greiðslu kostnaðar við rekstur

búnaðarins, sem getur verið langtum meiri en sem nemur uppsetningu hans.

6. **Í 4. tl. 139. gr.** eru hin sérkennilegu ákvæði til að víkja frá ákvæðum laga nr. 34/1991 um 25% hámarkseignarhald erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu.

### **Ákvæði til bráðabirgða:**

#### **II. Undanþága frá umhverfismati framkvæmda.**

Stenst ekki evrópskar umhverfisreglur, sbr. umsögn um 132. gr. hér að ofan (sjá 5.tl.).

- III. Á að umbuna fyrirtækjum með auknum lífmassa fyrir að fara eftir reglum?

- IV. Á að breyta öllum útgefnum rekstrarleyfum í ótímabundin leyfi?

#### **VIII. Ákvæði um frestun endurmats á stöðu eldisins til 1. júní 2029.**

Nauðsynlegt er að endurskoða stöðu sjókvíaeldisins nú þegar sbr. þegar framkomna atburði og strokfisk.

Frestun í 4 ár er óábyrg og andstæð nógildandi fiskeldislögum, náttúruverndarlögum og ýmsum milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að.

(Ath. að númer einstakra gr. frumvarpsins hefur á nokkrum stöðum breyst).